Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

43. tölublað Þriðjudaginn 6. desember 6. árgangur. Verð kr. 60.

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

8. Þing Verkamannasambands Íslands:

Stuðningur við baráttuna fyrir lífvænlegum launum

VIÐTAL VIÐ TVO FULLTRÚA Á ÞINGINU

8. ÞING VERKAMANNASAMBANDS ÍSLANDS var haldið dagana 2. - 4. desember að Hótel Loftleiðum. Þingið sátu fulltrúar frá 46 verkalýðsfélögum. Þingið tók til meðferðar kjaramálin, starfshætti verkalýðshreyfingarinnar, fræðslumál og lífeyrissjóðs- og orlofsmál. Þinginu lauk með kosningu sambandsstjórnar og var Guðmundur J. Guðmundsson endurkjörinn formaður Verkamannasambandsins.

Tveir félagar Kommúnistaflokks Íslands, þeir Benedikt Kristjánsson og Sigurður Jón Ólafsson, voru meðal fulltrúa þingsins. Stéttabaráttan náði tali af þeim skömmu eftir þingið og fer viðtalið hér á eftir.



Hafnarvrkamenn hafa alla tíð staðið framarlega í baráttu verkalýðsstéttarinnar.



Frá þingi Verkamannasambandsins

- Getið þið frætt lesendur blaðsins á því, hvað fram fer á þingi Verkamannasambandsins?

- Innan Verkamannasambands Íslands eru 46 verkalýðsfélög með um 20.200 meðlimi. Fyrir þingið eru kosnir fulltrúar frá hverju verkalýðsfélagi, en hver fulltrúi hefur að baki sér 200 félaga. Þingfulltrúar voru því um 110.

Þetta þing er stefnumótandi fyrir VMSÍ hvað varðar kjarabaráttuna framundan og þá fyrst og fremst hverjar eigi að vera meginkröfurnar í næstu samningum og hvernig beri að standa að þeim. Auk þess voru tekin til meðferðar lífeyrissjóðs- og orlofsmál og gerð fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Einnig voru fræðslumálin rædd, en þinginu lauk með kosningu sambandsstjórnar VMSÍ.

- Hvernig stóð á því, að þið voruð settir á lista með stjórn Dagsbrúnar sem fulltrúar á þing VMSÍ?

- Sjálfsagt myndu margir líta á þetta sem sáttfýsi við hina uppkeyptu forystu Dagsbrúnar. En þannig er mál með vexti, að við buðum þeim að hafa samstarf um lista á þetta þing til þess að fá tækifæri til að túlka hinar mismunandi skoðanir félagsmanna Dagsbrúnar á þessu þingi. Á þetta féllst Dagsbrúnarstjórnin um síðir.

- Hvaða mál lögðu þið áherslu á á þessu þingi og hverju komið þið áleiðis?

- Við lögðum aðallega áherslu á tvö mikilvæg mál; annars vegar kröfuna um lífvænleg laun fyrir 40st. vinnuviku, ásamt fullkominni vísitölutryggingu, hins vegar bættari starfshætti verkalýðshreyfingarinnar með það að markmiði að gera fjöldann virkari í hagsmunabaráttunni en hingað til. Þessu hvorutveggja náðum við fram á þessu þingi og um það ríkti einhugur þingfulltrúa. Þingið samþykkti kröfuna um lífvænleg laun, en auk hennar náði líka fram að ganga krafan um skattlausar þurftatekjur verkafólks og að tekjuskattslaus fyrirtæki yrðu sköttuð þess í stað. Sömuleiðis var kökukenningunni hafnað, en hún gengur út á það, að vinnandi fólk hafi ákveðinn bita af svonefndri "launaköku" til að slást um við hverja samninga.

Einnig var sett á oddinn í ályktuninni um starfsaðferðir sambandsins við mótun næstkomandi kjarakrafna sú tillaga okkar, að styrkja beri hin einstöku aðildarfélög á þann hátt, að þau hefðu sem nánast samband við verkafólkið á vinnustöðunum.

- Teljið þið, að þið hafið náð einhverjum árangri á þessu þingi?

- Þessari spurningu hefur reyndar þegar verið svarað að miklu leyti, en því má einnig bæta við, að við nutum ótvíræðs stuðnings margra smærri verkalýðsfélaga úti á landsbyggðinni, sem eru á margan hátt óánægð með starfshætti helstu verkalýðsforkólfanna. Þetta kom nokkuð vel í ljós við kosningu sambandsstjórnar. Við stungum uppá manni úr okkar röðum og hlaut hann 26 atkvæði af 95. Þessi atkvæði eru að lang mestu leyti fengin frá fulltrúum smærri verkalýðsfélaganna utan af landsbyggðinni. Þetta sýnir okkur enn betur fram á nauðsyn þess að treysta böndin við þessi félög.

Að lokum vill Stéttabaráttan taka það fran , að í næsta tbl. verður greint nánar frá samþykktum þingsins, en þar að auki verða birtar ræður Benedikts og Sigurðar, sem þeir héldu á Verkamannasambandsþinginu.

Bakþankar um 1. desember

Fjölmenni var á hátíð vinstristúdenta í Háskólabíói þann 1. desember. Dagskráin sem flutt var þennan dag var tileinkuð kvenfrelsisbaráttunni. Í gerð hennar höfðu stúdentar samráð við Rauðsokkur og aðra þá sem vinna vildu málefninu gagn. Mun samvinnan hafa tekist með miklum ágætum og þeim til sóma sem hönd lögðu að verki.

Það er þó ekki hægt að skilja svo við dagskrána að ekki sé lagt nokkurt mat á boðskap hennar. Ekki eru hér tök á að gera þessu tæmandi skil en aðeins stiklað á stóru. Fyrst skal til taka að fram komu tvær tilhneigingar í meðferð efnisins. Önnur er hreinn feminismi sem stillir karlmanninum sem slíkum upp sem höfuðóvininum. Þessarar tilhneigingar gætti aðeins í litlum hluta dagskrárinnar og aðallega þar sem rætt var um ástina. Gegn þessari pólitík verðum við að berjast og setja fram gegn henni þá pólitík sem var raunar hin tilhneiging dagskrárinnar. Þar var lögð áhersla á samstöðu verkakvenna og verkakarla gegn kúguninni. Þar var bent á að sósíalisminn væri markmið baráttunnar og jafnframt eina raunhæfa úrlausn vandans. Og þar var lögð þung áhersla á að þrátt fyrir það yrði að heyja baráttuna fyrir frelsun konunnar nú þegar í kapítalismanum og yrði að vera eitt af höfuðbaráttumálum hinnar sósíalisku hreyfingar. Það verður því að segjast eins og er að dagskráin hafði engan einn lit heldur frekar mörg blæbrigði sem orsökuðust annars vegar af rangri afstöðu til kvenfrelsisbaráttu sem var í miklum minnihluta og hins vegar réttri afstöðu sem má segja að hafi verið meginuppistaðan. Þessum mikla árangri ber að fagna og er vonandi að hann tákni markvissari baráttu fyrir frelsun kvenna í framtíðinni. Enn fremur að það takist að yfirvinna hina röngu afstöðu og meðvituð barátta verði héðan í frá háð gegn feminismanum þannig að hann missi alla fótfestu í kvennahreyfingunni.



Mikið fjölmenni sótti baráttufund vinstristúdenta í Háskólabíói

Opið bréf til KFÍ/ML sjá 2. síðu

Frá 1. des sjá 1. og 4. síðu

Alþýðubandlagið sjá baksíðu

Stéttabaráttan í stöðugri sókn

Þetta ár er það sjötta, sem Stéttabaráttan kemur út. Fyrsta árið voru tölublöðin fimm, það næsta átta, þriðja árið voru tölublöðin mánaðarlega eða tólf það árið. Seinni part ársins 1976 fór blaðið að koma út hálfsmánaðarlega og í byrjun árs 1977 hóf vikublaðið göngu sína.

Eins og sjá má af þessari upptalningu hefur útgáfutíðnin stóraukist og að sama skapi öll vinna við útgáfuna. Þetta árið hefur útlit Stéttabaráttunnar ekki verið eins og best hefði verið á kosið, en ritnefndin ákvað að mikilvægara væri að auka útgáfutíðnina í stað þess að gefa blaðið út sjaldnar og þá betur unnið. Það hefur sýnt sig vera rétt ákvörðun, því lesendum hefur fjölgað geysileg á árinu, bæði þeim sem kau í lausasölu og eru fastir áskrifendur.

Um næstu áramót mun allt útlit og prentun taka algjörum stakkaskiptum, auk þess se öll aðstaða við uppsetningu e í mikilli framför. Stöðugt fleiri einstaklingar skrifa nú í blaðið, þannig að sterfsálagið á félögum ritnefndar er miklu minna en það var framan af árinu.

Við erum í stöðugri sókn og snemma á næsta ári megum við gera fastlega ráð fyrir að Stéttabaráttan komi tíðar út en er og síðum fjölgi.

Ritnefnd.

LEIÐARI

Skilyrðislausan stuðning við þjóðfrelsisbaráttu Palestínuaraba undir forystu PLO

Þau alvarlegu tíðindi hafa nú orðið að Egyptar undir forystu Sadats forseta hafa gerst sviklegir við þjóðfrelsisbaráttu palestínuaraba og rofið samstöðu araba í deilunni við Ísrael. Sadat hefur nú tekið höndum saman við síonistana í Ísrael og heimsvaladasinna Bandaríkjanna í svonefndri "tilraun til að finna lausn vandans við botn Miðjarðarhafs." Í þessum falska tilgangi hefur hann sjálfur sótt síonistana heim og býður nú þeim auk USA og sameinuðu þjóðanna til ráðstefnu í Kaeró. En raunverulegur tilgangur Sadats ætti að vera augljós hverjum manni. Hann er að ganga í lið með síonistum og heimsvaldastefnu USA í þeim tilgangi að rjúfa samstöðu araba, brjóta niður P. L. O. og þá róttæku alþýðuhreyfingu í arabaheiminum sem þá styðja. En þetta má Sadat og síonistum aldrei takast. Svik Sadats eru vissulega alvarlegt áfall fyrir þjóðfrelsisbaráttuna fyrir botni Miðjarðarhafs. En einnig afhjúpa þau skírt afturhaldseðli egyptsku stjórnarinnar og er nú krafa P. L. O. um fordæmingu á Sadat einnig áeggjan um að mynda nýja samstöðu í arabaheiminum.

Til að skapa nýja samstöðu hefur verið kvödd saman leiðtogaráðstefna í Trípolí í Líbíu. Þar taka þátt Sýrland, Alsír, Suður-Jemen, Líbía, Írak og P. L. O. og fleiri samtök araba. Niðurstöður af Trípolí ráðstefnunni liggja ekki enn fyrir er þetta er skrifað en mikil bjartsýni er ríkjandi um að árangur hennar verði til að styrkja baráttu P. L. O. og palestínuaraba. Á því liggur heldur enginn vafi að herða verður um allann helming baráttuna gegn síonistum nú vegna hinna nýju bandamanna þeirra.

Það er athyglisvert að Saudí-arabar og Jórdanir hræðast að taka afdráttalausa afstöðu. Líklega er þó að Saudí-Arabar neyðist til að fordæma Sadat eftir að úrslit Tríbólíráðstefnunnar eru kunn. Jórdanir hafa hinsvegar lengi verið stuðningsmenn síonista og fengið fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjamönnum. Hússein þorir samt ekki að taka þátt í Kaeró-ráðstefnunni af ótta við að sú afhjúpun valdi óróa heima fyrir.

P. L. O. stendur því nú í geysilega vandasamri baráttu sem kemur til með að hafa ómæld áhrif á þróun Palestínsku byltingarinnar. Það er nú orðið ljóst að þessi sigur síonista er árangur af framsókn þeirra á vígvöllunum undanfarin ár. Og jafnframt að það er ógerlegt að ætla sér að leysa Palestínudeiluna eingöngu við samningaborðið.

Það var ennfremur nauðsynlegt fyrir síonistana að fá stuðning Egypta nú. P. L. O. hefur stóraukið baráttu sína innan Ísrael. Árangur þess er m. a. að á Gasa-svæðunum hlaut P. L. O í raun yfir 50% atkvæða þó þeim hafi verið meinað að bjóða fram en hvöttu fólk til að skila auðu. Eins hefur P. L. O. töglin og haldirnar á Vesturbakka Jórdan.

Stuðningur Sadats nú kemur eins og frelsandi engill fyrir síonistana, sem eru í meiri úlfakreppu heimafyrir en nokkru sinni fyrr.

Fordæming á aðgerðum Sadats er því nauðsynlegur liður í áframhaldandi baráttu gegn síonismanum.

KFÍ/ML leggur áherslu á skilyrðislausan stuðning við þjóðfrelsisbaráttu palestínuaraba undir forystu P. L. O.

Stórefl um palestínunefndina á Íslandi

Hljótt hefur verið alllengi um palestínunefndina á Íslandi. Er það óhemju bagalegt og þá sérstaklega í ljósi atburða síðustu mánaða fyrir botni Miðjarðarhafs. Þessu verður að bæta úr nú þegar í stað og stórefla verður starfsemi nefndarinnar. Það er gleðiefni að nefndin hefur nú einnig hugsað sér til hreyfings.

Við skorum á alla andheimsvaldasinna að taka höndum saman og stórefla Palestínunefndina.

Það verða allir að skilja að það er engu síðu nauðsyn á að styðja Palestínu-araba nú, en Víetnam var stutt á sínum tíma. Gerum því jafnmyndarlegt átak nú því stuðningur alþýðu heimsins við þjóðfrelsisbaráttu Palestínu-araba vegur þungt á vogarskálunum.

OPIÐ BRÉF TIL „KFÍ/ML"

EIK (m-l) hefur borist opið bréf "KFÍ/M-L" dagsett 13. 11. 1977. Vegna þess er nauðsynlegt að taka fram eftirfarandi:

Það er ekki rétt að EIK (m-l) hafi með opnu bréfi í 8. tbl. Vbl. ´77 ómerkt yfirlýsingu sína frá í feb. (2. tbl. Vb. ´77) en hún hljóðar svo:

"KFÍ/ML" er endurskoðunarsinnaður hentistefnuflokkur. Við hann verður hvorki samvinna né viðræða".

Þessi afstaða til "KFÍ/ML" mun standa þar til:

1. "KFÍ/ML" hefur gert upp við fyrri villur og forsögu sína
2. "KFÍ/ML" hefur samþykkt sameiningargrundvöll EIK (m-l) í höfuðatriðum.
3. "KFÍ/ML" viðurkennir að EIK (m-l) séu marx-lenínísk samtök og stofnun þeirra hafi ekki verið klofningsaðgerð, heldur jákvæð framsókn marx-lenínismans.
4) "KFÍ/ML" svarar opnu bréfi úr Verkalýðsblaðinu 12. tbl. ´76. Þá fyrst eru EIK (m-l) reiðubúin til umræðna eða ráðstefnuhalda."

Þessi afstaða er í fullu gildi og því frekar nú, sem svör "KFÍ/ML" eru alls ófullnægjandi eins og sýnt verður hér á eftir. Varðandi afstöðu EIK (m-l) til hugmyndar "KFÍ/ML" um opna sameiningarráðstefnu vísast til Verkalýðsblaðsins 2. tbl. ´77.

Svör "KFÍ/ML".

1. spurningin var: Hvaða atriði eru það sem sundra en sameina ekki í stefnugrundvelli EIK (m-l) og hvernig er vikið frá marx-lenínisma í honum?

Í svari sínu minnist "KFÍ/ML" einungis á afstöðu EIK (m-l) til forsögu flokksins og er ljóst að afstaða "KFÍ/ML" til eigin sögu er óbreytt. Flokkurinn ætlar sér greinilega ekki að gera upp við fortíð sína.

Í annan stað er því haldið fram að EIK (m-l) reyni að "fela" að nokkrir núv. fél. EIK (m-l) störfuðu áður í Fylkingunni. Um þatta segir svo í sameiningargrundvellinum (bls. 5, h.d.):

"Marx-lenínískar hugmyndir fengu hljómgrunn í Fylkingunni eftir 1970 og marx-lenínístar úr hópi námsmanna erlendis tengdust forsvarsmönnum þeirra þar. Tilraunir þeirra til þess að þróa Fylkinguna yfir í marx-lenínísk samtök fóru út um þúfur, m. a vegna of vægrar baráttu gegn endurskoðunarstefnunni og eigin endurskoðunarvillum þessara marx-lenínista. Fylkingin var því aldrei marx-lenínísk sem samtök, þótt marx-léninistum tækist að móta rétta línu samtakanna í nokkrum málum. Það er því mat marx-lenínista nú, að rangt hafi verið að starfa innan Fylkingarinnar á þessum tíma og reyna að þróa hana í átt til marx-lenínisma. Hið eina rétta hefði verið að stofna marx-lenínísk samtök þegar árið 1972."

Ekkert kemur fram hvort "KFÍ/ML" telur önnur atriði í sameiningargrundvellinum í ósamræmi við marx-lenínismann.

2. spurningin var: Sameinast marx-lenínistar um grundvallaratriði marx-lenínismans og uppgjör við endurskoðunar- og hentistefnu? Ef svo er, hvers vegna hefur KFÍ/ML" ekki tekið nánari afstöðu til sameiningargrundvallarins?

Í svari "KFÍ/ML" segir: "...okkur er ekki ljóst hvernig það síðara getur óhjákvæmilega leitt af því fyrra í spurninguni." Því er fljótsvarað. Ef sameiningarvilji KFÍ/ML væri meiri en orðin tóm tæki flokkurinn að sjálfsögðu afstöðu til stefnuplaggs sem ætlað er að vera grundvöllur að sameiningu marx-lenínista. EIK (m-l) líta svo á, að marx-lenínistar sameinist á þessum grundvelli en ekki á grundvelli stefnuskráa EIK (m-l) eða "KFÍ/ ML".

Það er rangt, sem fram kemur í svarinu, að "KFÍ/ML" hafi bent á að marx-lenínistar sameinuðust á þeim grundvelli sem fram kemur í spurningunni. KSML/"KFÍ/ML" hafa aldrei samþykkt fjögur skilyrði EIK (m-l) um fræðilega og skipulagslega grundvallareiningu, einingu um helstu baráttumál dagsins og uppgjör við endurskoðunar- og hentistefnu. Bréfið sýnir að afstaða "KFÍ/ML" er óbreytt.

3. spurningin var: Hver er afstaða "KFÍ/ML" til grundvallarins og þar með til sameiningar marx-lenínista?

Þó ekki sé það tekið beint fram í svarinu virðist sem "KFÍ/ML" geti ekki samþykkt grundvöllin sem undirstöðu sameiningar. Er því furðulegt að flokkurinn skuli ekki taka nánari afstöðu til hans. Þetta sýnir að sameiningarvilji "KFÍ/ML" er enginn.

Segja má að þetta sé eina spurningin sem "KFÍ/ML" svarar, þó fremur sé svarið loðið.

4. spurning var: Úr því að KSML hafði "ranga stefnu í flestum eða öllum baráttumálum" (bréf KSML 19. 12. 75) og sömu grundvallarafstöðu og sænsk, dönsk og norsk gagnbyltingarsamtök (yfirlýst bróðursamtök KSML) - hvernig getur KSML þá haft rétta afstöðu til grundvallaratriða marx-lenínismans og verið marx-lenínsk frá stofnun?

"KFÍ/ML" sem fyrr í bréfinu sökuðu EIK (m-l) um að fela fortíð sína, reyna nú að klóra yfir að KSML höfðu sömu afstöðu og gagnbyltingarsamtökin. Eða hvernig gátu þessi samtök verið yfirlýst bróðursamtök KSML ef ekki á grundvelli sameiginlegrar stefnu? Um þetta bera ályktanir I. Landsráðstefnu KSML gleggst vitni.

Það hefur lengi vafist fyrir "KFÍ/ML." að útskýra hvernig hægt er að hafa "ranga stefnu í flestum eða öllum baráttumálum" en rétta afstöðu til grundvallaratriða marx-lenínismans.

Svarið sýnir að þeim hefur ekki farið fram, heldur eru nú fjær því að gera upp við endurskoðunarstefnuna en áður.

Eik (m-l) hafa aldrei litið á KSML, "KFÍ/ML" sem marx-lenínísk samtök; Svarbréfið - sem og þróun "KFÍ/ML" - breytir ekki þessari afstöðu, heldur styrkir hana.

Í Vbl. 12. tbl. ´76 birtist opið bréf til "KFÍ/ML" þar sem framangreindar 4 spurningar voru settar fram. Þetta var ítrekað í grein í Vbl. 2. tbl. ´77.

Svar "KFÍ/ML" er dagsett 13. 11. ´77, og þar er fagnað opna bréfinu í 8. tbl. Þessi síðbúnu fagnaðarlæti "KFÍ/ML" eru í hæsta máta tortryggileg. Þau sýna að "KFÍ/ML" neitar enn að taka afstöðu til sameiningargrundvallarins og gera upp við ranga stefnu.

Eik (m-l) sjá því ekki ástæðu til að taka aftur ummæli í líðarar Vbl. 12. tbl. ´77, um að "KFÍ/ML" sé ónothæf og óstarfræk klíka, heldur ítreka þau. Enn fremur sjáum við ekki ástæðu til viðræðna við "KFÍ/ML" um sameiningu.

Það eina sem getur breytt þessari afstöðu EIK (m-l) er að "KFÍ/ML" uppfylli kröfuna sem sett er fram í fyrrnefndum leiðara: SVARIÐ SAMEININGARGRUNDVELLINUM LIÐ FYRIR LIÐ.

Framkvæmdanefnd mistjórnar EIK (m-l).

Athugasemd

Ritnefnd Stéttabaráttunnar hefur ákveðið að birta hér "Opið bréf til KFÍ/ML" frá Eik (m-l). Eins og lesendum Stéttabaráttunnar er kunnugt hefur Eik (m-l) talið það mjög mikilvægt að KFÍ/ML svari Opnu bréfi þeirra. Þetta svar birtist í 40. tbl. Stéttabaráttunnar og var jafnframt afhent miðstjórn Eik (m-l) áður, eftir þeirra ósk. Eik (m-l) hefur hvorki séð ástæðu til að birta bréf KFÍ/ML í Verkalýðsblaðinu, né senda svar sitt til flokksins. Í Opnu bréfi til "KFÍ/ML", sem aðeins hefur verið birt í Verkalýðsblaðinu, kemur hvergi fram hvað fólst í bréfi KFÍ/ML, því er hér með skorað á Eik (m-l) frá KFÍ/ML að birta í Verkalýðsblaðinu "Opið bréf til Eik (m-l)". Lesendum skal bent á að kynna sér bréfið frá KFÍ/ML í 40. tbl. STB. og eins munu bæði bréfin birtast saman innan skamms í Rauða Fánanum.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud. 15-18,30
- Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti 23.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
- Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
- Ísafjörður: Kristinn Karlsson. Fjarðarstræti 7.
- Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum 38.
- Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
- Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

Hin tíu megintengsl

eftir Mao Tse-tung

"Hin tíu megin tengsl" flutti félagi Maó Tse-tung upphaflega sem ræðu á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína 25. apríl 1956.

Með því að birta ræðuna sem greinaflokk vill Stéttabaráttan gefa lesendum sínum tækifæri til að kynnast nánar þessum mikla leiðtoga kínversku þjóðarinnar

Hér dregur Maó Tse-tung saman reynslu Kínverja sjálfra sem og einnig reynsluna af Sovétríkjunum í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Á meistaralegan hátt dregur hann þetta saman í "tíu megin tengsl" og setur fram hugmyndir sem eru undirstaðan í stefnu sem lögð er til grundvallar í að byggja sósíalismann með stórstígari, hraðari, betri og meiri efnahagslegum árangri, stefna sem fellur að aðstæðum í Kína.

Stéttabaráttan er einnig sannfærð um að lesendur blaðsins geti marga lærdóma dregið af lestri þessa greinaflokks til brúks í eigin starfi að íslensku byltingunni.



Mao Tse-tung

III

Tengslin milli efnahagsuppbyggingarinnar og uppbyggingar landvarna.

Það er ekki hægt að komast af án landvarna. Varnarmáttur okkar hefur nú náð vissu stigi. Varnarstríðið gegn árásum Bandaríkjanna og til stuðnings Kóreu og nokkurra ára þjálfun og öflun staðfestu hefur leitt af sér aukinn mátt herafla okkar en hann er nú meiri en styrkur sovéska Rauða Hersins var fyrir seinni heimstyrjöldina. Einnig hefur vopnabúnaði fleygt fram. Varnariðnaður okkar er í uppbyggingu. Við höfum aldrei getað smíðað bíla eða flugvélar, allar götur frá því Pan Ku skyldi að himinn og jörð - en nú erum við að hefja framleiðslu á þeim.

Við eigum ekki atómsprengju ennþá. En við áttum heldur hvorki flugvélar eða stórskotalið áður fyrr.

Við sigruðum japönsku heimsvaldasinnana og Chang-Kai-Shek með hirsi og riflum. Við erum öflugri nú en áður og munum eflast enn í framtíðinni. Ekki aðeins munum við eignast fleiri flugvélar og stórskotalið, heldur munum við einnig eignast atómsprengjur. Við getum ekki verið án sprengjunnar, ef við ætlum ekki að láta troða á okkur í heimi samtímans. Hvernig á þá að snúa sér í þessu máli? Örugg aðferð er sú, að minnka hernaðarleg útgjöld og stjórnunarútgjöld niður í hæfilegt hlutfall og auka útgjöldin til efnahagslegrar uppbyggingar. Auknar framfarir í uppbyggingu landvarna fást aðeins með auknum vexti efnahagsuppbyggingarinnar.

Á þriðja landsfundi 7. miðstjórnar flokks okkar árið 1950 ræddum við þá þegar spurninguna um að ydda ríkisbáknið og draga úr hernaðarlegum og stjórnsýsluútgjöldum. Við álítum þessar aðgerðir vera eina af þremur forsendum fyrir því að gera mætti grundvallarbreytingar til batnaðar í fjármála- og efnahagsstöðu okkar. Á tímum fyrstu 5 ára áætlunarinnar námu hernaðar- og stjórnsýsluútgjöld 30 hundraðshlutum af heildarútgjöldunum í fjárlögum ríkisins. Þetta hlutfall er alltof hátt. Á tímum annarrar 5 ára áætlunarinnar verðum við að minnka það niður í um það bil 20% svo losa megi meira fjármagn til að byggja fleiri verksmiðjur og framleiða fleiri vélar.

Innan skamms munum við ekki aðeins eiga gnægð af flugvélum og stórskotaliði, heldur munum við einnig að öllum líkindum eiga atómsprengju. Hér kemur spurningin einu sinni enn: Er krafa ykkar um atómsprengju heilsteypt og einörð? Eða er hún aðeins hálfhuga og óákveðin? Ef krafa ykkar er heilsteypt og einörð, þá munuð þið minnka hlutfall hernaðar-og stjórnsýsluútgjalda og eyða meiru til efnahagsuppbyggingarinnar. En ef hún er það ekki munuð þið standa í stað.

Þetta er stjórnlistarlegt viðfangsefni og ég vona, að Varnarmálanefndin muni ræða það. Myndi vera óhætt að afvopna allar hersveitir okkar núna? Nei það væri ekki óhætt, því óvinir okkar eru ennþá umhverfis okkur og við erum beittir ofbeldi og umkringdir af þeim. Við verðum að efla landvarnir okkar og í þeim tilgangi verðum við fyrst og fremst að efla starf okkar að efnahagsuppbyggingunni.

framhald af baksíðu.

Náttúruhamfarir

er takandi á vísindamönnum. Þegar vísindamenn birta rannsóknir sínar, skýra þeir auðvitað frá því, hversu alvarlegar hamfarirnar gætu orðið. Þótt náttúruhamfarir verði ekki eins alvarlegar og talið var að þær gætu orðið, þá er aldrei of varlega farið.

Kæruleysi gagnvart náttúruhamförum er all nokkuð hér á landi. Er því gjarnan borið við að allt Ísland sé eitt stórt eldfjall og menn séu þar hvergi hultir. Virðast sumir jafnvel telja það til hetjulundar þjóðarinnar, að þora að búa hér og helst sé að reisa mannvirki á virkustu eldfjallasvæðunum, til að sýna hugrekki sitt.

Öryggisráðstafanir gegn náttúruhamförum eru vægast sagt mjög slæmar, hér á landi og er hægt að nefna mörg dæmi. Varnir gegn snjóskriðum komu mjög á dagskrá eftir að 7 manns biðu bana í snjóskriðu á Neskaupstað í des. 1974. Snjóskriðunefnd var stofnuð og eftir lífsmarki hennar að dæma, virðist hún vera á bólakafi í einhverri skriðunni. Í Vík í Mýrdal er byggðin í stórhættu í Kötlugosi. Á Suðurlandi hefur verið spáð mjög stórum jarðskjálfta, innan 30 ára, þótt ekki sjái það á ýmsum mannvirkjum. Almannavarnir hafa neyðarmerki skráð aftast í Símaskránni og viðvörunarflautur þeirra baula ársfjórðungslega En hvað eiga Reykvíkingar að gera ef þeir heyra baulið og ekki er raddprófunardagur?

Almannavarnakerfið var sett á stofn um það leyti sem herinn fór að hreiðra um sig með kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Enda báru fyrstu aðgerðir Almannavarna það með sér að búa ætti sig undir kjarnorkustríð. Fyrsta merkjakerfið var fjölbreyttra, en nú er og táknuðu þau m.a.: geislavirkt ský nálgast, yfirvofandi kjarnorkuárás, o.fl. í þeim dúr. Þegar flauturnar baula rýkur fólk auðvitað til og flettir upp á síðu 672 í símaskránni og ef það heyrir að merkin séu stutt hljóðmerki í eina mínútu, þá fletta menn upp á síðu 671 og þar segir að besta vörn gegn geislavirkni sé í kjallaranum. Þegar menn svo hlaupa niður í kjallara springur bomban. Það verður svo umhugsunarefni sagnfræðinga framtíðarinnar af hverju svo margir Reykvíkinga hafi fundist látnir í efsta kjallaraþrepinu með símaskrá í hendinni. En svo hæðni sé sleppt. Yrði ekki algert öngþveiti ef fólk tæki yfirleitt eitthvert mark á viðvörunarbauli Almannavarna?

Brýna naðsyn ber til að auka öryggisráðstafanir gegn náttúruhamförum og kenna fólki rétt viðbrögð í slíkum tilvikum. Má hér t.d. benda á ófullkomnar ábendingar í símaskránni um varúðarráðstafanir í jarðskjálftum. Þar er hvergi minnst á að opna hurðir svo þær festist ekki ef húsið skekkist. Heldur er fólk ekki varað við að standa nærri gluggum en þegar rúður brotna vegna þrýstings, geta glerbrotin spýst inn af miklum krafti.

Það er ekki nóg, þótt nauðsynlegt sé, að tryggingar bæti efnahagslegan skaða. Einnig og þá fremur þarf að gæta lífs og öryggis fólksins.

Alþýðubandalagið ofar hagsmunum verkafólks

arastéttarinnar. En staðreyndin er sú að aukin þjóðarframleiðsla táknar aukið arðrán á verkalýðnum og aukinn gróða auðherranna. Það verður aldrei um neina sjálfkrafa kauphækkun til handa alþýðunni að ræða. Fyrir kauphækkunum hefur alltaf þurft og mun alltaf þurfa að berjast.

Samhliða þessum hagfræðilegu fölsunum vinna verkalýðsforingjar AB stöðugt að því, að færa áhrif og ákvarðanir verkalýðssamtakanna í stöðugt færri hendur. Þetta lýsir sér vel í stórlega minnkandi þátttöku almennra verkamanna í störfum sinna félaga.

Sem sé forystumenn AB vilja ekki að tekin sé upp barátta gegn íhaldinu innan verkalýðshreyfingarinnar. Þeir ganga frekar svo langt að verja þá. Þ.e. að samtryggingarkerfið táknar ekki einungis frið heldur gagnkvæman stuðning sósíaldemókratanna og íhaldsins. Auk þess vitum við að þessir stéttasamvinnumenn eru líka sameiginlega í stjórn verkalýðsfélaga.

Meginástæðurnar fyrir þessum stéttasamvinnustarfaðferðum endurskoðunarsinnanna eru þær að þeir eiga ekki lengur sameiginlegra hagsmuna að gæta með verkafólki.

Efnahagur þeirra og líferni á meira skylt við framferði auðherranna. En það eru einmitt auðherrarnir sem sjá og hafa séð um að verkalýðsforingjarnir hafi meira en nóg til að bíta og brenna. Þ.e auðherrarnir hafa keypt upp verkalýðsforingjana og gert þá að verkalýðsaðli. Þetta er þó ekki algilt en undantekningin sannar regluna.

Af þessu er ljóst.

Pólitík Alþýðubandalagsins verður stöðugt útþynntari og marklausari. Flokkurinn heldur því fram að hann sé sósíaliskur en um leið neitar hann í verki stéttabaráttunni.

Aðalkjörorð AB í dag er nú verði allir að kjósa AB, þá verði allt gott.

En alþýðan veit betur. Hún þekkir svik AB við herstöðvaandstæðinga í tíð "vinstri" stjórnarinnar. Þar notaði AB SHA fyrir atkvæðamaskínu

Og alþýðan þekkir svik AB við sósíalísku baráttuna yfirleitt, þar sem hentistefna og klíkulegir flokkshagsmunir hafa verið settir ofar hagsmunum alþýðunnar.

Sú hroðalega hnignun sem átt hefur sér stað frá því á tímum gamla KFÍ, stafar vafalaust í ríkum mæli af skorti á lýðræðislegu miðstjórnarafli. Slíkt afl er ekki til í AB í dag. Þar ræður miðstýringin ríkjum. Margir

einlægir sósíalistar hafa reynt að starfa innan AB og hafa á það einhver áhrif en komist að því að það er ekki hægt.

AB verður ekki breytt til batnaðar úr þessu, til þess er það of djúpt sokkið. Þar ræður leið borgaralegu þingræðisbaráttunnar ferðinni en fjöldasamtök alþýðunnar eru notuð til hagsbóta fyrir flokkinn.

AB stefnir ekki að því markmiði að fylkja verkalýðstéttinni og annarri vinnandi alþýðu til baráttu fyrir því að brjóta af sér hlekki auðvaldsþjóðfélagsins.

M.ö.o. stefna verkalýðsforingjanna er að síauka miðstýringuna á kostnað lýðræðis og virkni almennra félaga.

Samtryggingarkerfi er sú stefna nefnd sem rekin hefur verið af verkalýðsforingjum AB og Sjálfstæðisflokksins, um gagnkvæman frið. Þ.e. þeir eru ánægðir með ástand þjóðfélagsins eins og það er.

Þess vegna taka þeir höndum saman um að viðhalda ríkjandi ástandi. Þetta kom skýrt fram á 33. Þingi ASÍ þar sem verkalýðsforingjar AB vörðu eins og þeir ættu lífið að leysa verkalýðsforingja íhaldsins, sem átti að sjá til að fengju ekki sæti í miðstjórn ASÍ.

framhald á baksíðu

Baráttufundur í Tjarnarbúð

fluttur "Tröllaslagur hinn nýji", en textinn við hann var í alla staði frábær og sýndi vel hugi manna til bergþursanna Brésneffs og Carters. Voru menn mjög ánægðir með fundinn, enda var hann í alla staði vel heppnaður.

Nú kynni einhver að spyrja: Ef KFÍ/ML er svona ánægður með störf BFD og Baráttufundinn, hvers vegna störfuðu félagar flokksins (utan einn sem gerði það á eigin spýtur), þá ekki innan nefndarinnar og studdu hana? Því er til að svara að KFÍ/ML taldi mikilvægara að starfa innan 1.des. nefndar stúdenta og styðja baráttu þeirra. Margir félagar töldu auk þess BFD bera keim af einangrunarstefnu (ef nefndin var búin að ná til 600-700 manns helgina fyrir 1.des., af hverju mættu þá ekki fleiri á fundinn?). KFÍ/ML hefur aldrei lýst því yfir að hann væri andvígur BFD enda styður flokkurinn heils hugar kjörorð nefndarinnar. Hins vegar ber að segja þetta: 17. júní er þjóðhátíðardagur Íslands. Þá varð Ísland lýðveldi 1944. Hins vegar varð Ísland fullvalda ríki með danskan kóng 1.des. 1918. 1. des. er sem slíkur þýðingarmikill dagur í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en á 17. júní heldur íslensk borgarastétt hátíð, sína hátíð, og setur sitt sjónarmið á sjálfstæði Íslands fram. Þess vegna er nauðsynlegt að kommúnistar taki upp baráttu fyrir þjóðfrelsi á móti þeim landsölumönnum sem íslensk borgarastétt er, á 17.júní. Þess vegna býður KFÍ/ML öllum þeim sem áhuga hafa til samstarfs um þessa baráttu næsta vor.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
43. tbl. 6.12.1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R



Náttúruhamfarir

Aðfaranótt 1. dés. varð mikið jarðsig í Gautaborg. Svæði sem er um 800 x 600 m að stærð, varð skyndilega að kviksyndi, hús sukku eða skemmdust og um 65 þeirra eru talin gerónýt. Vitað er með vissu að átta manns hafa látist og margir slasast og eru sumir á sjúkrahúsi.

Jarðlagið undir Gautaborg er gamall sjávarbotn og undir leirnum er klöpp, sem hindrar að vatn geti runnið eðlilega úr jarðveginum. Árið 1964 bentu jarðfræðingar á, að hættulegt gæti verið að byggja á svæðinu En þegar árið 1966 var farið að byggja þar. Fullnaðar rannsóknir voru aldrei látnar fara fram, enda vantaði athafnasvæði fyrir byggingafyrirtæki. Fleiri íbúðahverfi eru á sams konar svæði og geta hörmungar sem þessar orðið síðar.

Yfirvöld voru svarafá í fyrstu og þóttust ekki hafa hugmynd um hættuástandið. Þegar skýrsla jarðfræðinganna var svo dregin fram á ný, báru yfirvöld af sér alla ábyrgð og benti hver á annan. Enginn þykist lengur hafa verið á móti frekari rannsóknum og enginn er lengur ábyrgur fyrir að leyfa byggingu á þessu svæði.

Ráðamenn erlendis sem hérlendis, hafa löngum þóst vita betur er vísindamenn. Verði enn hægt að draga titt úr sjó, eftir að fiskifræðingar telja fiskstofninn ofnýttan, þá sýnir það haldleysi vísindanna. Verði jarðskjálfti ekki eins harður og búist var við, þá sýnir það fávísi jarðfræðinga. Og ef eldgos er meira en talið var það yrði, þá sannar það endanlega að ekkert mark

framhald á síðu 3.

Alþýðubandalagið ofar hagsmunum verkafólks

Innan Alþýðubandalagsins hefur komið upp megn óánægja með afstöðu forystumannanna til borgaralega þingræðisins, til verkalýðshreyfingarinnar og til andheimsvaldasinnuðu baráttunnar. Svo er komið að almennir félagar AB treysta ekki forystunni til að færa út og fylgja eftir yfirlýstri stefnu flokksins í hinum ýmsu málum

Þetta vantraust lýsir sér best í tillögum sem bornar voru upp á Landsráðstefnu AB um verkalýðsmál og á Landsfundi AB. Á ráðstefnunni var fyrst borin upp sú tillaga að AB myndi aldrei taka þátt í stjórnarsamstarfi með Sjálfstæðisflokknum. Gegn þessari tillögu snérist þáverandi formaður AB Ragnar Arnalds ókvæða. Honum tókst eftir harða atlögu að fá tillögunni vísað frá.

Þá var borin upp sú tillaga að AB myndi aldrei taka þátt í stjórnarsamstarfi sem stæði gegnt hagsmunum verkalýðsstéttarinnar. Gegn þessari tillögu snérist Eðvarð Sigurðsson. Hann sagði að þar sem AB væri verkalýðsflokkur leiddi það af sjálfu sér að ekki væri þörf á að bera tillöguna upp. Þetta er að því leyti rétt hjá Eðvarð að ef AB væri raunverulegur verkalýðsflokkur hefði slík tillaga aldrei komið fram.

Á Landsfundi AB var borin upp, af Ásmundi Ásmundssyni formanni Samtaka herstöðvaandstæðinga, sú tillaga að AB myndi ekki taka þátt í stjórnar samstarfi nema eitt grundvallarbaráttumálið yrði: Ísland úr NATO–Herinn burt.

Um þetta var svo deilt en deilunni lauk með því að tillögunni fékkst vísað til miðstjórnar AB. Þess má geta að á Landsráðstefnu herstöðvaandstæðinga var samþykkt einróma tillaga þess efnis að enginn flokkur sem styður SHA skyldi sitja í ríkisstjórn, ef takmark ríkisstjórnarinnar væri ekki: Ísland úr NATO - Herinn burt. Gils Guðmundsson, Kjartan Ólafsson og Svava Jakobsdóttir greiddu þar atkvæði með en kannski hefur þeim síðan snúist hugur.

Stefna verkalýðsforingja AB

Það sem einkennt hefur stefnu verkalýðsforingja Alþýðubandalagsins er stéttasamvinnan. Þeir taka ábyrga afstöðu með afkomu þjóðarbús auðstéttarinnar og reyna þannig að fela þá staðreynd verkalýðsstéttin á ekki sameiginlegra hagsmuna að gæta með auðherrunum. Það sem eru hagsmunir verkalýðsins er á kostnað hagsmuna borgaranna og gagnkvæmt.

En með kökukenningunni vilja verkalýðsforingjarnir halda því fram að aukin þjóðarframleiðsla tákni kauphækkun fyrir verkalýðinn. Með þessu taka þeir undir áróður, andstæðinga verkafólks; borg-

framhald á síðu 3.



Frá landsfundi Alþýðubandalagsins

„Blaðamannasiðgæði"

Velflest dagblaðanna eru í eigu auðmanna, og ræður því sjónarmið skjóttekins gróða miklu um útgáfu þeirra. Fréttir eiga að vera æsilegar til að slá ný sölumet og auka þannig gróða eigendanna. Skiptir þá engu máli tilfinningar aðstandenda eða þeirra sem um glæpinn eru grunaðir, enda eru fréttir æsilegar og stórlega rangfærðar. Tvö síðdegisblaðanna er berjast hatrammri baráttu um hylli lesenda bera af í æsifréttamennskunni. Engu er til sparað enda hafa Vísir og Dagblaðið eignað sér talstöðvar er stilla má á bylgjulengd lögreglunnar og eru þær í bifreiðum ljósmyndaranna. Ljósmyndari Dagblaðsins hefur til að mynda komið margsinnis á vettvang á undan lögreglunni, og fastlega má gera ráð fyrir því að það sé án hennar vitundar. Fyrir skömmu fannst kona hengd í tré í húsagarði á mótum Hverfisgötu og Barónsstígs og var það ætlun Dagblaðsins að birta mynd á forsíðu er tekin var af líkinu áður en lögregluna bar að. Sjálfsmorðið átti sér stað einhverntíma eldsnemma morguns og má því telja líklegt að verja þyrfti deginum til að hafa samband við aðstandendur. En forráðamenn Dagblaðsins og Vísis voru ekki að hugsa um tilfinningar fólks og birtu æsifregnir þann sama dag um málið. Peningaþorsti Dagblaðsmanna var svo mikill að þeir ætluðu að hafa mynd af líkinu hangandi í tré á forsíðu, en rétt yfirvöld stöðvuðu tiltækið á elleftu stundu. Grunaðir einstaklingar í höndum lögreglunnar eru gjarnan sakfelldir í flennistórum forsíðugreinum. Slíkt er að sjálfsögðu borið til baka er hið sanna kemur í ljós, en þá nær undantekningarlaust í smáklausu. Hið ranga er slegið var upp á áberandi hátt situr þá frekar eftir í hugum lesendanna. Þetta litla dæmi er tekið af handahófi úr hafsjó þeirra æsifrétta sem einkenna skrif þessara blaða. Mörg eru dæmin um forsíðufréttir er reynast vera samansoðin lýgi til að auka söluna þegar engar hörmungar eiga sér stað til að gera mat úr. Deginum síðar er fréttin borin til baka sem staðlausir stafir. Þá er stríðsletrið frá því deginum áður látið kyrrt liggja því það er búið að gera sitt gagn.

Það er ljóst að "blaðamannasiðgæði" ýmissa stjórnast af gróðavon eigendanna og framavon þeirra sjálfra. Blaðamannafélag Íslands hefur ákveðnar siðgæðisreglur er það setur félögum sínum, að fara eftir í hvívetna. Það vekur óneitanlega spurningar af hverju ekki er gripið til aðgerða gegn þeim blaðamönnum er brjóta siðgæðisreglurnar aftur og aftur. Ekki hafa lesendur dagblaðanna orðið varir við að gripið væri til aðgerða af hálfu Blaðamannafélags Íslands gegn þeim er láta prenta staðlausa stafi. Er hér um einhverja samtryggingu blaðamanna og auðmannana, er blöðin eiga, að ræða? frh á síðu 3.




Stéttabaráttan

Áskrifta og söluherferðin gengur með ágætum, en henni á að ljúka um áramótin. Þrátt fyrir að nýir áskrifendur telji aðeins 673 r það ekki allur sannleikur í málinu. Tæplega 100 manns eru reynsluáskrifendur fram til áramóta og mun þá koma í ljós hve stór hluti þeirra mun gerast fastir áskrifendur.

Unnið er skipulega að því að bæta tækjakost blaðsins fyrir áramót og verður þá útlit og stæð blaðsins þá allt með betri hætti en verið hefur.

Aukin útbreiðsla-Bættur fjárhagur-Tíðari útgáfa.



Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.

Nýjar áskriftir skal póstsenda til : Rauðu Stjörnunnar Lindargötu15, Pósthólf 1357. S: 27810.

Baráttufundur í Tjarnarbúð

Um kvöldið 1. des. var haldinn baráttufundur í Tjarnarbúð, sem baráttunefnd 1. desember 1977 (BFD) stóð fyrir. 150-200 manns voru á fundinum. Dagskráin var í stuttu máli þessi:

Fyrst flutti Albert Einarsson inngangsræðu og tók hann m.a. fyrir ásælni erlendra auðhringja í auðlindir landsins og ágang risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, hér á landi sem og annars staðar og sagði réttilega, að alþýða hvers lands væri eina aflið, sem gæti verndað sjálfstæði lands síns.

Næst var flutt ræða um Grænlandsmálið og einnig var flutt ræða um Færeyjar. Þessi tvö mál eru af sama meiði, þ.e. kúgun dansks auðvalds á alþýðu þessara landa og baráttu hennar gegn kúguninni og fyrir sjálfstæði landa sinna. Er það mjög gott að þetta mál var tekið upp þar sem þessi barátta er sama baráttan og íslensk alþýða hefur háð og háir enn í dag og því hlýtur gagnkvæmur stuðningur alþýðu þessara landa (og allra landa) að vera mikill styrkur fyrir þessa baráttu.

Um hálftíuleytið var gert kaffihlé og í lokinn var stiginn dans til kl. 1 e.m.

Á milli atriða var fjöldasöngur og var m.a. frum-